

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040**Tillaga, rammahluti – Borgarlína 1. lota: Ártún – Fossvogsbrú, nr. 1191/2024****Athugasemdir Háskólans í Reykjavík við tillögu**Umferðarhávaði og hljóðvist

Í greinargerð tillögu að rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um 1. lotu Borgarlínu dags. í október 2024, kaflanum Hljóðvist, bls. 25 – 26 er fjallað um hávaða frá bílaumferð. Þar kemur m.a. fram að Borgarlína muni hafa jákvæð áhrif á hljóðvist í Reykjavík miðað við núllkost (umferðarþróun án Borgarlínu). Í töflu (mynd 11) eru nokkur dæmi um hljóðvist á mismunandi stöðum, þar sem bornar eru saman hljóðvistartölur fyrir grunnár 2019, núllkost m.v. áframhaldandi umferðarþróun án Borgarlínu og útreikninga fyrir hljóðvist með fyrstu lotu Borgarlínu. Efst í töflu er Háskólinn í Reykjavík tilgreindur. Þar kemur fram að hljóðstig með Borgarlínu hækki um 2,1 dB m.v. núllkost án Borgarlínu (einnig hækkun m.v. grunnár 2019).

Í greinargerð er vísað í viðauka við umhverfismatsskýrslu Verkefnastofu Borgarlínunnar frá 2023. Í töflu og mynd á bls. 18 er gerð grein fyrir sambærilegum tölum fyrir HR, annars vegar á svæði 39 næst háskólabyggingu og 45 við námsmannabústaði HR. Á mynd 4, bls. 14 er sýnd hávaðabreyting milli núllkosta og Borgarlínu, þar sem skilja má að hljóðstig hækki yfir 2 dB næst háskólabyggingu.

Byggingar námsmannabústaða Háskólans í Reykjavík liggja að miklu leyti meðfram Nauthólsvegi. Tvær byggingar hafa þegar risið þar og sú þriðja var komin með byggingarleyfi árið 2023. Samhliða deiliskipulagsbreytingu vegna Háskólagarða HR var unnin hljóðvistarskýrsla og útreikningar sem fyrir gögn (Hljóðvistarskýrsla, Efla verkfræðistofa 2015, uppfærð 2016 og 2018) og ákvæði sett fram um hönnun bygginga með hliðsjón af hljóðvist, sem fylgt var eftir við hönnun bygginga. Nauðsynlegt er að fá staðfestingu með ótvíræðum hætti á að öll skilyrði um hljóðvist vegna umferðarhávaða séu uppfyllt í núverandi og fyrirhuguðum byggingum háskólans með þeim breytingum sem auglýst tillaga gerir ráð fyrir.

Óskað er eftir frekari skýringum á því sem fram kemur á mynd 11 um að hljóðstig hækki með Borgarlínu sbr. ofangreint. Háskólinn í Reykjavík þarf að fá nákvæmar og greinargóðar upplýsingar á því hvernig breyting með Borgarlínu (þ.m.t. vegna breyttrar legu m.v. núverandi legu Nauthólsvegar) hefur áhrif á núverandi og áformaðar byggingar skólans.

Hér með er farið er fram á að lögð verði fram hljóðvistarskýrsla, þar sem fram koma útreikningar á hljóðstigi ásamt hljóðkortum miðað við þær breytingar sem gert er ráð fyrir í tillögu sem hér er auglýst.